

Oddviti Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Kópavogi 15.06.2019

Málsnr.: 1808008
Dalabyggð Málaskrá

24. JÚNÍ 2019

Efni:
Skógrækt að Ósi í Saurbæ. Landnúmer 137879.

Bréfalykill: 09.03.04

Eftir að hafa tvisvar sinnum á átta mánuðum sent meðf. erindi til sveitastjórnar Dalabyggðar og séð neikvæða afgreiðslu fundasamþykkt Umhverfis- og skipulagsnefndar á vef Dalabyggðar, óska ég eftir skriflegri afgreiðslu oddvita og sveitastjórnar við erindi mínu.

Það er mér mikilvægt að geta hafið skógrækt á landinu í sumar, og ef ekki, að hafa í höndum röksemdir sveitastjórnar fyrir því að fresta afgreiðslu málsins um ótiltekin tíma.

Fyrirliggjandi eru drög að samningi undirritaðs við Skógrækt ríkisins um ræktun nytjaskógar að Ósi í Saurbæ. Landnúmer 137879.

Fyrirhugað skógræktarsvæði á Ósi er 10 hektarar að stærð, meðfylgjandi loftmynd, unnin af Arnlín Óladóttur starfsmanni Skógræktarinnar, sýnir legu þess og útlínur.

Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 (reglugerð um framkvæmdaleyfi) *skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi.*

Það virðist á valdi sveitastjórna að láta skógrækt afskiptalaus.

Annað erindi mitt til sveitastjórnar var dags. 30.05.2019

Þar var um ákveðin misskilning að ræða af minni hálfu eftir samtal við einn nefndarmanna þar sem ég taldi rugling í fundarsamþykkt á Ósi í Saurbæ og Ósi á Skógarströnd.

Álit Umhverfis- og skipulagsnefndar á efni erindisins er dags. 7.6.2019, sjá fsk. 1)

Þar er lagt til að fresta afgreiðslu erindisins um ótiltekin tíma sem líklega verður til þess að fyrirliggjandi drög að samningi við Skógræktina verða ekki undirritað í náinni framtíð og mun gróðursetning tefjast sem því nemur.


Með tilliti til almennrar umræðu og stefnu núverandi stjórnvalda í loftslagsmálum er mér afgreiðsla Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindi mínu alveg óskiljleg.

Samkvæmt Fasteingamati ríkisins er ræktað land í Saurbænum um 1.100 ha og þar af 2,4 á landi Óss sem er samtals um 30 ha. Gera má ráð fyrir að ræktanlegt land í Saurbænum sé að lágmarki jafn stórt og nú er ræktað.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Óss óskar hér með eftir skriflegu svari sveitarstjórnar við því hvort *skógrækt á Ósi þurfi framkvæmdaleyfi* og hvort sveitastjórn vilji heimila mér að hefja framkvæmdir við skógrækt á jörðinni á þessu sumri.

Með von um jákvæða afgreiðslu

Kristjón Sigurðsson



Fsk. 1)

Eftirfarandi svar birtist á heimasíðu Dalabyggðar:

Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 94

Dags. 7.6.2019

94. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, 7. júní 2019 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu:

Hörður Hjartarson, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Ragnheiður Pálsdóttir, Vilhjálmur Arnórsson, Jón Egill Jónsson og Þórður Már Sigfússon.

Fundargerð ritaði: Bjarnheiður Jóhannsdóttir, nefndarmaður

Dagskrá:

5. Skógrækt á Ósi í Saurbæ - 1808008

Óskað er eftir afgreiðslu á framkvæmdarleyfi um skógrækt að Ósi í Saurbæ

Nefndin vísar til fyrri bókunar á þessu máli, sem fram fór 11. september 2018.

Hún var svohljóðandi: "Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun um málið verði frestað þar til mótuð hefur verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengt landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi."

Gefin hafa verið út leyfi fyrir skógrækt í óræktanlegu landi undanfarið ár, en þar sem um ræktanlegt land er að ræða, þarf stefna sveitarfélagsins að liggja fyrir í aðalskipulagi.

Nefndin hvetur til þess að sú vinna fari af stað sem allra fyrst.

Kristjón Sigurðsson

From: Arnlín Óladóttir <arnlin@skogur.is>
Sent: þriðjudagur, 28. maí 2019 17:04
To: Kristjón Sigurðsson
Subject: Ós - skógrækt
Attachments: ÓS framkvæmdaleyfi.pdf; Framkv leyfi. Ós.docx; Ós- vettvangsferð.pdf

Sæll vertu

Fyrirgefðu hvað þetta kemur seint, en það er allt á fullu í gróðursetningum og plöntutilfærslum. Hér með eru 3 skjöl:

1. Loftmynd með skógræktarsvæðinu – 10 ha
2. Greinagerð um úttekt okkar „fræðinganna“
3. Bréf til sveitastjórnar – eða reyndar uppkast af bréfi sem þú breytir og lagar að vild.

Svo get ég hugsanlega útvegað þér eitthvað af plöntum síðsumars ef allt er tilbúið

Bestu kveðjur

Arnlín



ARNLÍN ÓLADÓTTIR
Skógræktarráðgjafi / Forestry Advisor
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Bakka Bjarnarfirði, 510 Hólmavík
Sími / Tel. (+354) 893 1275
www.skogur.is

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Skógræktaráform á Ósi í Saurbæ-landnúmer 137879.

Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 (reglugerð um framkvæmdaleyfi) skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a.

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Meðfylgjandi er afstöðumynd sem sýnir útlínur svæðisins þar sem unnið er að samningi á milli Skógræktarinnar og Kristjóns Sigurðssonar um skógrækt á Ósi. Skógræktin telur fyrirhugaðar skógræktarframkvæmdir samræmast í öllu ákvæðum í aðalskipulagi Dalabyggðar, enda á landbúnaðarsvæði.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga:

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Fornminjar:

Engar fornminjar eru á svæðinu.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:

Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Útlitshönnun:

Við hönnun skógarins verður þess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi, jaðrar skógræktarsvæðisins verða hannaðir sérstaklega með ásýnd skógarins í huga og umferð gangandi manna verður ekki heft meðfram vatnsföllum.

Almennt:

Fyrirhugað skógræktarsvæði á Ósi er 10 hektarar á stærð, meðfylgjandi loftmynd sýnir legu þess og útlínur. Framkvæmdir við skógrækt munu ekki hefjast fyrr en fyrir liggur afstaða sveitarstjórnar til þess hvort landeigendur þurfi framkvæmdaleyfi. Verði úrskurður sveitarstjórnar á þann veg að framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld, er það á kostnað og ábyrgð skógarbænda að sækja um framkvæmdarleyfi.

Eigendur jarðarinnar Óss óska hér með svara sveitarstjórnar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógrækt á jörðinni. Vísað er til samþykktar frá 87. fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar frá 9. nóvember 2018 um þessi áform:

2. 1811006 - Aðalskipulag - drög - Ós

Nefndin telur að um sé að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi, sem hefur ekki verulegar breytingar á landnotkun í för mér sér, hefur ekki áhrif á stórt svæði, né hafi mikil áhrif á einstaka aðila. Nefndin samþykkir erindið í samræmi við 2. málsgrein 36. greinar skipulagslaga.

Virðingarfyllt

Kristjón Sigurðsson

Ós, Dalabyggð

Mælt er með að gerður verði skógræktarsamningur á jörðinni Ós, Saurbæ í Dalabyggð. Farnar hafa verið 2 vettvangsferðir fyrst fór Arnlín Óladóttir í ágúst, 2018 til að gera frumkönnun á svæðinu, ræða við bændur og kanna aðstæður, og hin síðari í maí, 2019, ásamt Kristjáni Jónssyni, skógræktarráðgjafa.

Landeigandi: Kristjón Sigurðsson

Landnúmer: 137879

Sveitarfélag: Dalabyggð

Stærð fyrirhugaðs samningssvæðis: 10 ha

Jarðir sem skógræktarsvæðið nær að: Syðsti hluti svæðisins liggur að landamerkjum við Lambanes.

Ábúð. Jörðin er ekki í ábúð. Engin landnýting hefur verið stunduð á jörðinni árum saman. Á árunum 1939-1955 var rekið smábýli s.k. húsmenskubýli á jörðinni og standa veggjabrot ennþá og handgrafnir skurðir um túnskika. Sjá: *Heimildir um landamerki, örnefni, nytjar og fleira tengt jörðum í Dalabyggð.* http://www.dalabyggd.is/Files/Skra_0074657.pdf

Núverandi eigendur jarðarinnar hyggjast vera með starfsemi í Ljósavík.

Nafn á samning

Kristjón Sigurðsson, kt 300645-4969, eigandi jarðarinnar.

Heimilisfang

Háalind 13

201, Kópavogi

Tengiliður

Kristjón Sigurðsson

ks@rafal.is

Almennt

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 10 hektarar á stærð þar sem ræktaður verður fjölnytjaskógur. Svæðið er flatlendi, grasi gróin órækt. Það er ekki afgirt nú en verður friðaða áður en gróðursetning hefst. Norðan skógræktarsvæðis og að sjó eru nokkuð víðlendur, frjósamar mýrar sem ekki verða hreyfðar. Vegna mikils grasvaxtar verður nauðsynlegt að jarðvinna á svæðinu. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst verðir ræktaðar tegundir sem vaxa vel á unga aldri og nái sér á strik áður en grasið yfirgnæfir þær. Þá er fyrst og fremst um að ræða lauftré, hugsanlega með litlum lundum af barrtrjám.

Eftirfarandi þættir hafa verið metnir sérstaklega m.t.t. aðalskipulagsins og gildandi laga.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga og aðalskipulags:

Jörðin telst vera á landbúnaðarsvæði skv aðalskipulagi Dalabyggðar.

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Votlendið norðan við svæðið mun ekki verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum þar sem skurðir og lænur aðskilja svæðin.

Fornminjar:

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu, en engin merki eru þar um mannvist fyrir utan áðurnefnt húsmannsbýli frá miðri 20. öld.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:

Á fyrirhuguðu skógræktarsvæði eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Sérstök lög nr 54/1995 gilda um vernd Breiðafjarðar og strandsvæða hans. Skógræktarlandið er hvergi nálægt fjöruborðinu og fellur því ekki undir þessi lög.

Vötn, vegir og raflínur:

*Skógræktarsvæðið liggur ekki að þjóðvegi.

*Skógræktarsvæðið liggur að Staðarhólsá og verður skógurinn hannaður sérstaklega með tilliti til þess. Hugmyndin er að næst bakkanum verði gisinn skógur, að mestu lauftré sem munu auka frjósemi árinna þegar til lengri tíma er litið. Girðing verður meðfram ánni en þó nógu fjarri til að uppfylla skilyrði 26. gr Náttúruverndarlaga nr 60/2013: *Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.*

*Engar raflínur liggja í gegnum svæðið

Mýrlendi:

Á fyrirhuguðu skógræktarsvæði eru engar mýrar sem eru 1 ha eða stærri.

Útlitshönnun:

Skóglendið mun blasa við frá þjóðveginum og mun útlit skógarins taka nokkuð mið af því þannig að fjölbreytni verður ríkjandi í skógarjaðrinum sem auk þess verður fremur gisinn.

Ós, Saurbæ. Dalabyggð

Fyrirhugað skógræktarland. 10 ha

Maí 2019/Arnín Óladóttir

